

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 4. mgr. 12. gr. og 1.-6. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. september 1999 að telja um 4% frá því sem þau voru í ágúst 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 65. gr. sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. ágúst 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

30. ágúst 1999

Nr. 571

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík, Grafarholt.

Grafarholt.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 20. júlí 1999, þrjár nýjar deiliskipulagsáætlanir fyrir íbúðabygð í Grafarholti.

Áætlanirnar voru sendar Skipulagsstofnun til yfirferðar og gerði hún ekki athugasemdir við þær.

Deiliskipulagsáætlanirnar hafa hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. ágúst 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

25. ágúst 1999

Nr. 572

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Grafargil við Vesturlandsveg.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Breytt er afmörkun borgarverndaðs svæðis austast í Grafargili, göng undir Vesturlandsveg við Laxalón eru færð til austurs og stígakerfi breytt beggja vegna Vesturlandsvegar.